



Greinargerð.

Um Framkvæmd / fasteign :
Grundartún 4, Hvammstanga - Íbúðarhúsalóð.
Landnúmer 227186 - Fastanúmer F2501700 - Staðgreinir 5508-7-30650040
Merking 01-0101 (ný lóð)

Byggja á einbýlishúsi á lóðinni samkvæmt gildandi deiliskipulagi og byggingarskilmálum. Húsið er innan byggingarreits samkvæmt lóðarblaði, staðsett útrá vestur og norður mörkum byggingarreitsins. Gólfhæð hússins er ákveðin 14,15m í hæðarkerfi Hvammstanga. Staðsetning og gólfhæð er endanlega ákveðin með útsetningu byggingarfulltrúa. Húsið verður byggt úr frauðplast mótakubbum frá Nudura esm, byggingakerfi sem flutt er inn af ASKE. ehf.

Byggingarlýsing:

Nýbygging, einnar hæðar steinhús, klætt að utan með Canoxel klæðningu. Mænisás fyrir miðju húsi, þakhalli 15°. Sökkjar og gólfplata úr járnbentri steinsteypu. 100mm harðpressuð einangrun undir 120mm gólfplötu og 67mm frauðplasteinangrun utan og innan á 200mm sökkulleveggjum. Sökkuleinangrun klædd að utan með þar til gerðri klæðningu eða dúk. Útveggir eru úr 150mm járnbentri steinsteypu, einangraðir að utan og innan með 67mm frauðplasti, múrklæddir að innan. 45mm klæðningagrind að utan og lóðrétt Canoxel utanhússklæðning, einangrað í grind með steinull og frauðplast hulið þannig að ekki komist að því eldur eða glóð. Útveggar á móti norðri skal uppfylla kröfu um eldvarnir. Guðmundur Gunnarsson kt. 010754-5939 hefur leiðbeint húseiganda og gerfið út brunatæknilegar leiðbeiningar með árituðum uppdætti, dagsettum 23.10.2020, þar sem sagt er fyrir um frágang frauðplasteinangrunar utan á húsinu. Þaksperrur, 45x220mm C600mm, reistar á útveggi, berandi innveggi og limtré. Limtré eru borin uppi af veggjum. Þak er einangrað með 200mm steinull milli sperra í stofu, eldhúsi og bílgeymslu en ofan við niðurtekin loft annarstaðar. Ofan á þakeinangrun er vindpappi og þakið loftræst þar ofan við. Loftræsingin er um þakkanta í gegnum 30mm plastrir í hverju sperrubili, flugnanet í rörum. Loftun má hvergi vera minni en 1000mm² á hvern færmeter í þakinu. Borðaklæðning ofan á sperrum, þakpappi og þakstál. Milli bílgeymslu og íbúðar er eldvarnarveggur sem nær upp undir borðaklæðningu á þaki. Til hlíðar við vegginn skal borðaklæðning þaksins klædd að neðan með harðgipsi 0,6m út frá veggnum eða í einu sperrubili hvoru megin. Aðrir berandi innveggir eru úr 45x95 timburgrind sem klædd er með 9mm krossviði beggja vegna til styrkingar. Aðrir innveggir úr tré- eða blökkstöðum. Allir léttir innveggir einangraðir með steinullareinangrun í grind og klæðningar þeirra hvergi lakari en í flokki 2. Gluggar eru hefðbundnir trégluggar með tvöföldu K gleri. Hurðarop í umferðarleikum innan íbúðar eru 900mm breidd. Aðalinnangangur aðgengilegur fyrir hjólastóla. Bæjarifa minnst 25x260mm 1,0m frá gólfi í karmi við aðalinnangang. Snjógildirur á þaki, yfir innngöngnum. Læstar hirsulur fyrir lyf og ræstivörur innan íbúðar.

Upphitun og neysluvatnslagnir:

Húsið verður tengt hitaveitu og upphitun verður með gólfhitu- og vatnsöfnakerfi. Hita og neysluvatnslagnir eru plasttrir í hlífðarkápu, gólfhitagagnir innsteypt plastrir. Allt lagnaefni með súrefniskápu. Inntak og mælagrind í þvottahúsi. Tryggja skal að hitastig neysluvatns í sturtu verði ekki það hátt að valdið geti húðbruna. Neysluvatn má hvergi vera heitara en 65°C á töppunarstað.

Loftræsing:

Loftræsing er almennt um opnanleg fög, auk þess sem útsog verður frá eldhúsi, snyrtingu og þvottahúsi

Brunavarnir:

Hönnun brunavarna miðast við aðferð í staðlið b) í 9.2.2 gr. byggingarreglugerðar 112/2012 fyrir hús í notkunarflokki 3 auk almennra ákvæða. Ekki er reiknað með frávikum frá byggingarreglugerð við hönnun brunavarna hússins nema hvað varðar klæðningu í lofti bílskúrs sem verður í flokki 2 í stað flokks 1. Björgunarop eru í svefnherbergjum og skulu þannig útbúin að þau haldist opin og tryggja skal greiða flóttaleið frá þeim. Bílgeymsla er aðskilin frá íbúð með eldvarnarvegg sem uppfyllir eldvarnarkröfu REI60 og sjálflokandi hurð sem uppfyllir EI2 30-CSm. Útveggar sem snýr á móti norðri skal vera eldvarnarveggur REI120 með klæðningum í flokki 1 upp að þakklæðningu. Þakklæðing eldvarin að neðan í einu sperrubili út frá vegg í báðar áttir. R táknar reykskynjara, SL táknar 6 kg. ABC dufttæki en ET táknar 1.2x1.2m slökkviteppi er í eldhúsi. Þakklæðning er í flokki B Roof(t)2 og gólfefni eru í flokki Dfl. Sem mótægisaðgerð við klæðningu í flokki 2 í lofti bílskúrsins er settir samtengdir reykskynjarar í allt húsið, svefnherbergi, stofu, umferðarrými, þvottahús og í bílskúr, merktir með R á grunnmynd. Þegar einn skynjari nemur reyk fer væla í gang í þeim öllum í einu. Með þessum ráðstöfunum stýttist uppgötvunartími elds niður í 1-2 mín. frá eldsupptökum í stað þess að eldur uppgötvist seinna af aðilum utanhúss eða þegar reyk fer að leggja inn í húsið um hurðina eða að rafmagnin í húsinu slær út.

Burðarvirki:

Ingvar Gýgjar Sigurðarson tæknifræðingur mun hanna burðarvirki. Hann hefur yfirfarið þennan aðaluppdrátt.

Hönnunarviðmiði:

Sökkjar skulu byggðir á frostfrírri malarfyllingu á burðarhæfum grunnbotni, sem byggingarfulltrúi hefur tekið út og samþykkt. Fyllinguna skal þjappa í lögum, þykkt laganna í samræmi við þyngd jarðvegsþjöppu. Húsið er hannað samkvæmt íslenskum kröfum um vind- og jarðskjálftaálag óháð staðsetningu og snjóálags á svæði 2. Byggingarhlutar skulu uppfylla eftirfarandi kröfu um einangrun (U-gildi / W/M2 K) Útveggir 0,40 - Þak 0,20 - Gólf 0,30 - Gluggar (k-gler) 2,00 - Hurðir 3,00

Nánari leiðbeiningar um efnisval og gæðakröfur er að finna á séruppdráttum. Jafnframt því að um framkvæmdina gilda ákvæði byggingarreglugerðar.

Byggingarefni:

Allt byggingarefni skal vera viðurkennt og vottað af þar til bærum aðilum. Upplýsingar um byggingarefni skal fylgja handbók hússins við lokaúttækt.

Stærðir:

Stærð hússins 168,2m² brúttó
Íbúð 122,3m² brúttó
Bílgeymsla 45,9m² brúttó

Fylgiskjöl :

1. Uppdrætti þessum fylgir skráningartafla á rafrænu formi.

Tilurð uppdráttar:

Uppdráttur þessi er gerður í Revit, gagnagrunnstengdu hönnunarkerfi. Húsið er hannað út frá hugmyndum eiganda.

1. hæð grunnmynd
Mkv. 1 : 100

Breytingaskrá

- 19.sep.2018 Eldvarmarkrafa á norðurvegg
- 15.mar.2020 Geymsluherbergi í bílgeymslu felld út og herbergi innan íbúðar gert að geymslu í staðinn.
- 1.mar.2021 Frágangi utanhúss breytt, hús klætt utan með Canoxel utanhússklæðningu.
- 1.jan.2022 Frágangi og klæðningum í bílgeymslu breytt í byggingarlýsingu. Samanber brunatæknitga ráðgjöf frá Guðmundi Gunnarssyni kt. 0107545939 og yfirlýsingu þar um, sem dagsett er 18. jan. 2022

← A IR AT IH IV LR GN BO
Aðalinnangang Inntak rafveitu Aðaltafla rafm. Inntak hitaveitu Inntak vatnsveitu Loftræsing Gólfniðurfall Björgunarop Flóttaleið Merkt flóttaleið Neiðarlýsing Reykskynjari Brunaslanga Slökkviteiki Eldvarnarteppi Eldvarnarhólf Hæðarskil Eldvarnarhurð

INGVAR GÝGJAR SIGURÐARSON
VÍÐISGRUND 22 550 SAUÐÁRKRÓKUR
NETFANG: IGS84@SIMNET.IS
SÍMI 868-5052

Teiknað :
Porvaldur E Porvaldsson
Unnið fyrir :
Sveinbjörg Pétursdóttir
Áritun hönnuðar / Hönnunarstjóra :
Ingvar G. Sigurðarson
Ingvar Gýgjar Sigurðars kt. 020884-3639

Verkhendi :
Grundartún 4 Hvammstanga Íbúðarhús 2018
Verkpáttur :
Aðaluppdráttur - Grunnmynd
Verknúmer :
3057
Mælikvarði :
1:100
Blaðstærð :
A2
Teikningarnúmer :
A-101
Útgáfudagur :
15. mar. 2020
Útgáfa númer :
3. Útgáfa
Frumgerð / breyting :
breyting
Teikniskrá :
3057A Grundartún 4 Hvammstanga.rvt
Prentdagur :
18. jan. 2022